

19. gr.

Bókasafnið starfrækir bókasafnskerfi sem hýsir skrá um rit safnsins og styður fleiri þætti í rekstri þess. Safnið veitir einnig öðrum bókasöfnum fulla aðild að kerfinu samkvæmt nánara samkomulagi, auk þess sem einstök söfn eiga að því samskráaðild, þannig að unnt er að ganga á einum stað að upplýsingum um ritaeign þáttökusafnanna.

20. gr.

Þeim hluta efniskosts safnsins sem einna minnst er notaður er komið fyrir í geymslu-húsnæði utan safns. Þá er einnig heimilt, samkvæmt reglum sem landsbókavörður setur að fengnu samþykki stjórnar, að grisja efniskostinn, selja eða gefa það sem frá er tekið, eða farga því á annan hátt.

21. gr.

Bókasafnið sér notendum fyrir aðgengi að rafrænum gögnum eftir því sem tók eru á. Það kostar einnig kapps um að nýta nýjustu upplýsingatækni til að færa gögn safnsins á stafrænt form og gera þau þannig aðgengileg umheiminum.

VI. KAFLI

Heimild og gildistaka.

22. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. og 12. gr. laga nr. 71/1994 um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 504/1994, sbr. reglugerð nr. 558/1994.

Menntamálaráðuneytinu, 30. nóvember 1998.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990-2010, Reykjavík (Saltvík).**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. desember 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990-2010 frá 1. júní 1990, nú í umdæmi Reykjavíkur.

Í breytingunni felst að landbúnaðarsvæði er stækkað til norðvesturs og suðvesturs, opnu, óbyggðu svæði á mótum Vesturlandsvegur og aðkeyrslu að Saltvík er breytt í iðnaðarsvæði. Þá er skilgreind gönguleið meðfram ströndinni og stofnæðar boð- og rafveitna eru færðar inn á uppdráttinn.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 7. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.